



*Dreifibréf sent váttryggingafélögum sem falla munu undir tilskipun 2009/138/EB (Solvency II) með síðari breytingum*

13. mars 2015  
Tilvísun: 2014010185

**Efni: Athygli er vakin á reglugerð nr. 2015/35 og viðmiðunarreglum EIOPA í tengslum við Solvency II**

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á að reglugerð nr. 2015/35 um Solvency II hefur verið gefin út í stjórnartíðindum ESB (Commission Delegated Regulation (EU) 2015/35 of 10 October 2014 supplementing Directive 2009/138/EC of the European Parliament and of the Council on the taking-up and pursuit of the business of Insurance and Reinsurance).

Fyrirhugað er að þessi reglugerð verði gefin út sem reglugerð af fjármálaráðherra þegar væntanleg lög sem innleiða Solvency II tilskipunina hafa tekið gildi. Þrátt fyrir að reglugerðin hafi ekki enn lagagildi hér á landi er því beint til váttryggingafélaga að hafa ákvæði hennar í huga við undirbúning vegna Solvency II. Sé ósamræmi við það efni sem áður hefur verið gefið út af EIOPA, t.d. Technical Specification for the Preparatory Phase sem gefið var út 30. apríl 2014, gilda ákvæði reglugerðarinnar. Þetta getur t.d. átt við um útreikning gjaldþolskrafna vegna gagnaskila eða ORSA.

Fjármálaeftirlitið vekur einnig athygli á að fyrstu viðmiðunarreglurnar (e. guidelines) vegna Solvency II hafa verið gefnar út af EIOPA. Á meðan tilskipunin hefur ekki verið innleidd munu þær ekki hafa formlegt gildi en Fjármálaeftirlitið mun taka hliðsjón af þeim í undirbúningi fyrir Solvency II. Með sama hætti er því beint til váttryggingafélaga að nýta sér þessar reglur í undirbúningi fyrir Solvency II. Hér á eftir verður fjallað stuttlega um efni einstakra viðmiðunarreglna og hvernig þær eiga að nýtast Fjármálaeftirlitinu og váttryggingafélögum í undirbúningi sínum.

1. Viðmiðunarreglur um viðbótargjaldþolsliði (Guidelines on ancillary own funds)

Váttryggingafélög þurfa að sækja um sérstaka heimild til Fjármálaeftirlitsins til notkunar viðbótargjaldþolsliða. Ekki er hægt að sækja um slíka heimild fyrr en löggin hafa tekið gildi, en váttryggingafélög sem hyggjast undirbúa slíka umsókn geta nýtt sér viðmiðunarreglurnar til þess.

2. Viðmiðunarreglur um beitingu endurtryggingaverndar (Guidelines on application of outwards reinsurance)

Reglunum er ætlað að samræma hvernig endurtryggingavernd er reiknuð inn í mat á gjaldþolskröfu vegna hamfaraáhættu.



3. Viðmiðunarreglur um líftryggingaáhættu (Guidelines on the application of the life underwriting risk module)

Reglum er ætlað að taka á ýmsum vafaatriðum sem upp geta komið í tengslum við útreikning gjaldþolskröfu vegna líftryggingaáhættu.

4. Viðmiðunarreglur um grunnáhættu (Guidelines on basis risk)

Samkvæmt 210. gr. reglugerðar nr. 2015/35 er ekki heimilt að nýta áhættuvarnir (e. risk-mitigation contracts) ef þeir fela í sér verulega grunnáhættu (e. basis risk), nema sú áhætta sé reiknuð inn í gjaldþolskröfuna. 86. gr. reglugerðarinnar kveður á um aðferð til að reikna verulega grunnáhættu sem stafar af gjaldeyrisjökfnuði á milli váttryggingaáhættu annars vegar og þeirri áhættuvörn sem ætluð er til að mæta henni hins vegar. Reglum er ætlað að samræma aðferðir við mat á verulegri grunnáhættu og styðja váttryggingafélög í greiningu á henni.

5. Viðmiðunarreglur um flokkun gjaldþolsliða (Guidelines on classification of own funds)

Viðmiðunarreglum er ætlað styrkja eftirlit og samræma beitingu regnanna varðandi:

- Notkun lista og einkenna fyrir það sem fellur undir hvern gjaldþolsþátt (e. tier)
- Viðurkenningu og takmarkanir á gjaldþolsliðum
- Ferli sem eftirlitsstjórnvöld fylgja við samþykki á gjaldþolsliðum sem eru ekki á listum yfir viðurkennda gjaldþolsliði
- Notkun aðlögunarákvæða fyrir núverandi gjaldþolsliði

6. Viðmiðunarreglur um mörk váttryggingarsamninga (Guidelines on contract boundaries)

Markmiðið með reglum er að samræma með hvaða hætti mörk váttryggingarsamninga eru ákveðin, sbr. 18. gr. reglugerðar nr. 2015/35. Þar sem hér á landi eru allir samningar til eins árs og litlar takmarkanir eru á breytingum á iðgjöldum og skilmálum, hafa þessar reglur takmarkað gildi fyrir íslenskan markað.

7. Viðmiðunarreglur um gjaldþolsstöðu samstæðu (Guidelines on group solvency)

Markmiðið með reglum er að samræma hvaða kröfur eru gerðar til gjaldþols samstæðna.

8. Viðmiðunarreglur um hamfaraáhættu í heilsutryggingum (Guidelines on health catastrophe risk module)

Reglum er ætlað að taka á ýmsum vafaatriðum sem upp geta komið í tengslum við útreikning gjaldþolskröfu vegna hamfaraáhættu í heilsutryggingum.

9. Viðmiðunarreglur um hvernig horft er í gegn (Guidelines on look-through approach)

Samkvæmt 84. gr. reglugerðar nr. 2015/35 skal „horfa í gegnum“ fjárfestingar í sjóðum og óbeinar áhættuskuldbindingar gagnvart markaðs-, mótaðila- og váttryggingaáhættu. Hvernig það er gert getur haft veruleg áhrif á gjaldþolskröfu og því ákvað EIOPA að gefa út þessar viðmiðunarreglur til nánari útskýringar.



#### 10. Viðmiðunarreglur um starfsemi eftirlitsráða (Guidelines on operational functioning of colleges)

Samkvæmt 248. gr. Solvency II tilskipunarinnar ber EIOPA að gefa út viðmiðunarreglur um starfsemi eftirlitsráða (e. colleges). Markmið regnanna er að:

- Tilgreina ábyrgðarsvið meðlima og þátttakenda í eftirlitsráðinu
- Skýra og styrkja samstarf eftirlitsstjórnvalda í eftirliti með samstæðum með félag í fleiri en einu aðildarríki
- Styrkja upplýsingaskipti á milli eftirlitsstjórnvalda og upplýsingagjöf til samstæðunnar
- Stuðla að því að eftirlitsráð starfi með sambærilegum hætti á öllu EES

Ákvæði um starfsemi eftirlitsráða eiga að svo stöddu ekki við um Fjármálaeftirlitið.

#### 11. Viðmiðunarreglur um varða sjóði (Guidelines on ring-fenced funds)

Viðmiðunarreglunum er ætlað styrkja eftirlit og samræma beitingu regnanna varðandi:

- Tilgreiningu á því hvort gjaldpólsliður hefur skerta hæfni til að mæta tapi í áframhaldandi rekstri (e. going concern)
- Ákvörðun á því hvað telst til eigna og skuldbindinga í vörðum sjóði
- Útreikning á ígildi gjaldpólskröfu (e. notional SCR) fyrir hvern varinn sjóð
- Með hvaða hætti váttryggingafélög geta sýnt fram á hvernig fjölþættingaráhrif (e. diversification effects) eru mæld

Fjármálaeftirlitið telur að enginn hluti núverandi starfsemi váttryggingafélaga með starfsleyfi hér á landi falli undir skilgreiningu á vörðum sjóði.

#### 12. Viðmiðunarreglur um eftirlitsferli (Guidelines on supervisory review process)

Markmið viðmiðunarreglnanna er að:

- Tilgreina á hvaða hátt er hægt að koma á eftirliti sem er áhættumiðað, framsýnt og í samræmi við hlutfallsregluna
- Ná fram samræmingu í eftirlitsferli og eftirlitsaðferðum, þar sem jafnframt verður svigrúm fyrir eftirlitsstjórnvöld til að aðlaga aðgerðir sínar miðað við aðstæður, miðað við sérkenni þess váttryggingafélags eða samstæðu sem um ræðir, sérkenni markaðarins og aðra forgangsröðun í eftirliti.

Fjármálaeftirlitið hefur nú þegar hafið undirbúning að því að uppfylla þessar reglur og stefnir að því að eftirlitið verði í samræmi við þær frá og með árinu 2016. Mikilvægt er því fyrir váttryggingafélög að kynna sér þessar viðmiðunarreglur vel.

#### 13. Viðmiðunarreglur um hæfni váttryggingaskuldar og frestaðs skatts til að draga úr tapi (Guidelines on the loss-absorbing capacity of the technical provisions and deferred taxes)

Mikilvægasti hluti þessara reglna fyrir íslenskan markað snýr að leiðbeiningum á því hvernig meta eigi áhrif frestaðs skatts á gjaldpólskröfu. Um er að ræða þann frestaða skatt sem gert er ráð fyrir að myndist ef váttryggingafélagið verður fyrir því tapi sem reiknað er með í sviðsmyndum vegna útreiknings á gjaldpólskröfu. Fjármálaeftirlitið telur rétt að vekja hér sérstakra athygli á skýringartexta í lokaskýrslu EIOPA vegna þessara viðmiðunarreglna (e. final report), en þar eru sýnd gagnleg skýringardæmi.



## FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

### 14. Viðmiðunarreglur um aðferðarfræði við mat á jafngildi eftirlitsstjórnvalda utan EES gagnvart Solvency II (Guidelines on the methodology for equivalence assessments by national supervisory authorities under Solvency II)

Greinar 227 (varðandi dótturfélög utan EES) og 260 (varðandi móðurfélög utan EES) kveða á um að nota megi gjaldþolsreglur viðkomandi reglur ríkis við mat á gjaldþolsstöðu samstæðu, teljist lagaumgjörð og eftirlitsumgjörð viðkomandi ríkis af sambærilegum gæðum og gert er ráð fyrir í Solvency II, þ.e. jafngilt (e. equivalent). Í tilskipuninni er gert ráð fyrir að framkvæmdastjórn ESB ákveði um jafngildi að fenginni ráðgjöf EIOPA en í þeim tilvikum sem slík ákvörðun liggur ekki fyrir er gert ráð fyrir að eftirlitsstjórnvald samstæðu (e. group supervisor) eða starfandi eftirlitsstjórnvald samstæðu (e. acting group supervisor) taki ákvörðun sem byggir á viðmiðum í reglugerð nr. 2015/35. Markmið regnanna er að tryggja að viðkomandi eftirlitsstjórnvöld fylgi samræmdu verklagi við slíkt mat. Ákvæði þessara reglna eiga að svo stöddu ekki við um Fjármálaeftirlitið.

### 15. Viðmiðunarreglur um meðhöndlun áhættuskuldbindinga vegna markaðs- og mótaðilaáhættu í staðalreglunni (Guidelines on the treatment of market and counterparty risk exposures in the standard formula)

Reglunum er ætlað að taka á ýmsum vafaatriðum sem upp geta komið í tengslum við útreikning gjaldþolskröfu vegna markaðs- og mótaðilaáhættu með staðalreglunni (e. standard formula).

### 16. Viðmiðunarreglur um notkun eigin líkana (Guidelines on the use of internal models)

Markmiðið með reglunum er að:

- Auka samræmingu í verklagi eftirlitsstjórnvalda í mati á eigin líkani váttryggingafélags
- Veita leiðbeiningar um til hvaða atriða horft skal til þegar líkan er samþykkt og veitt er samþykki fyrir áframhaldandi notkun eigin líkans

### 17. Viðmiðunarreglur um tengd félög, þ.á m. dóttur- og hlutdeildarfélög (Guidelines on treatment of related undertakings, including participations)

Viðmiðunarreglunum er ætlað styrkja eftirlit og samræma beitingu regnanna varðandi:

- Tilgreiningu tengdra félaga og stefnumótandi eignarhluta (e. strategic participations)
- Ákvörðun gjaldþols þegar dóttur- eða hlutdeildarfélag er fjármálafyrirtæki
- Meðhöndlun mismunandi tegunda tengdra félaga í útreikningi gjaldþolskröfu í staðalreglunni og með eigin líkani

### 18. Viðmiðunarreglur um eigin stika váttryggingafélags (Guidelines on undertaking-specific parameters)

Váttryggingafélögum er heimilt að nota eigin stika við útreikning gjaldþolskröfu vegna váttryggingaáhættu, ef þeir endurspegla betur áhættusnið váttryggingafélags og uppfylla tiltekin skilyrði. Þessi möguleiki er einkum ætlaður váttryggingafélögum í sérhæfðri starfsemi. Markmið viðmiðunarreglnanna er að skýra betur hvaða kröfur eru gerðar til eigin stika.

EKKI er hægt að sækja um heimild til notkunar eigin stika fyrr en lögin hafa tekið gildi, en váttryggingafélög sem hyggjast undirbúa slíka umsókn geta nýtt sér viðmiðunarreglurnar til þess.



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ  
THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

19. Viðmiðunarreglur um mat á váttryggingaskuld (Guidelines on valuation of technical provisions)

Markmið viðmiðunarreglnanna er að auka samræmingu í verklagi váttryggingafélaga og veita stuðning við útreikning váttryggingaskuldar samkvæmt ákvæðum Solvency II.

Virðingarfyllst,

FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

  
Lilja Rut Kristófersdóttir

  
Sigurður Freyr Jónatansson